

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. gr. reglugerðarinnar:

2. mgr. orðast svo: Langtímavegabréfsáritun felur í sér heimild til dvalar hér á landi í allt að 90 daga og skal útlendingur sem sækir um slíka áritun vera staddur hér á landi nema annað sé tekið fram í reglugerð þessari. Dvöl útlending þegar sótt er um slíka áritun skal vera í samræmi við 49. gr. útlendingalaga nema annað sé tekið fram. Langtímavegabréfsáritun er einungis heimilt að gefa út einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili.

3. mgr. orðast svo: Langtímavegabréfsáritun veitir á gildistíma rétt til ferða innan Schengen-svæðisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 21. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 24. júní 2022.

Jón Gunnarsson.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfudagur: 8. júlí 2022